

BIKARKEPPNI SJÓVÁ 2007 FORKEPPNI

Þátttökugjald er 1.500 kr. hver sería.
Ef spiluð er fleiri en ein sería í forkeppninni kostar hver aukasería aðeins 1.000

Mótið fer fram í *Keiluhöllinni* og er opið öllum keilurum - keppt er bæði í karla- og kvennaflokki. Í forkeppninni má spila fleiri en eina seríu, en hæsta sería verður látin ráða um stöðu keppanda inn í útsláttarkeppnina. Glæsileg útdráttarverðlaun dregin úr öllum seríum í forkeppninni.

Að forkeppni lokinni komast 128 efstu karlarnir og 64 efstu konurnar áfram í aðra umferð. Í seinni umferðum er dregið hverjir spila saman og keppt samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sá keilari sem nær hærra heildarskori í þremur leikjum kemst áfram í næstu umferð þar til komið er í úrslit.

Forkeppnin fer fram eftirtalda daga:

Laugardaginn 25. nóvember kl. 9:00 – 12:00
Sunnudaginn 26. nóvember kl. 9:00 – 12:00
Laugardaginn 2. desember kl. 9:00 – 12:00
Laugardaginn 16. desember kl. 9:00 – 12:00
Sunnudaginn 17. desember kl. 9:00 – 12:00

Ef óskað er eftir að fá að keppa á öðrum tíma hafið samband við mótisstjórn á skraning@keila.is
Sjá nánari upplýsingar um leikdaga og leiktíma forkeppninnar á auglýsingum, sjá www.kli.is og www.keila.is.



Bikarmeistarar einstaklinga 2006 eru
Dagný Edda Þórisdóttir KFR
og Hafþór Harðarson KFR

Skráning á netfanginu skraning@keila.is

ATH Takmarkaður fjöldi þátttakenda í hverjum riðli.
Þeir sem skrá sig ganga fyrir í riðlinum.

Dregið verður í næstu umferðir strax að lokinni forkeppninni og stefnt er að því að 128 manna úrslit karla fari fram laugardaginn 6. janúar 2007 og 64 manna úrslit karla fari fram dagana 13. – 14. janúar 2007. Á keilusíðunum verða einnig birtar upplýsingar um dagskrá og hægt verður að fylgjast með úrslitum að lokinni hverri umferð.

